

☒ Re: Áform um friðlýsingu hraunhella í Þeistareykjahrauni

Búið til	25.1.2022 08:49:49
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	25.1.2022 08:49:49
Tilheyrir	📁 202112-0051 - Áform um friðlýsingu hraunhella í Þeistareykjahrauni

Efni

Re: Áform um friðlýsingu hraunhella í Þeistareykjahrauni

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	25.1.2022 08:49:49	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-11 Umsagnir um friðlýsingar		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	david.hansson@umhverfisstofnun.is

Innihald

Blessaður Davíð,

Afsakaðu að við erum einum degi of sein að skila en eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202112-0051 (LA, SS).

Vísað er til tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 21. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um áform um friðlýsingu hraunhella í Þeistareykjahrauni.

Náttúrufræðistofnun fagnar því að stefnt sé að friðlýsingu hraunhellana sem eru með mjög hátt verndargildi, bæði vísindalegt og fagurfræðilegt. Hellar af þessum toga eru fágætir á landsvísu og heimsvísu.

Árið 2020 vann Náttúrufræðistofnun tillögur að verndun hraunhella á Íslandi að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í samráði við Hellarannsóknarfélag Íslands. Þar var m.a. lagt til að vernda fjóra tiltölulega nýuppöðvaða hraunhella í Þeistareykjahrauni (TES 12-15).

Í áformunum er lagt til að friðlýsa tvo af þessum fjórum hellum, TES 12 og TES 13. Náttúrufræðistofnun telur að friðlýsa hefði mátt stærstan hluta Þeistareykjahrauns vegna sérstöðu þess og að búast má við að fleiri hraunhella sé að finna í hrauninu.

Náttúrufræðistofnun leggur til að Hellarannsóknarfélag Íslands komi að ráðgjöf um hvernig best sé staðið að verndun hraunhellana. Í framhaldi af friðlýsingu þarf að skoða hvort og hvernig hægt sé að gera hraunhellana sýningarhæfa þar sem meginmarkmið eru samspil náttúruverndar og fræðslu. Setja þarf skýrar reglur um ábyrga hellaskoðun, fjöldatakmörkanir og öryggismál og sjá til þess að þeim sé fylgt með eftirliti og umsjón.

Náttúrufræðistofnun gerir nokkrar athugasemdir við kortið sem fylgir áformunum:

- Lárétt mörk fyrir norður- og suðurhluta svæðisins mætti teikna án halla.
- Setja ætti buffer út frá miðlínu Reykjaheiðarveggar, t.d. 10 metra sitt hvorum megin við veginn.
- Gott væri að ná með í friðlýsingu þremur litlum niðurföllum rétt austan við mörkin til að halda í heildina.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Davíð Örvar Hansson" <david.hansson@umhverfisstofnun.is>
To: "Davíð Örvar Hansson" <david.hansson@ust.is>
CC: "Ingibjörg Marta Bjarnadóttir" <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>
Subject: Áform um friðlýsingu hraunnella í Þeistareykjahrauni
Date: 21.12.2021 14:19:58

Góðan dag.

Hjálagt er bréf frá Umhverfisstofnun þar sem kynnt eru áform um friðlýsingu hraunnella í Þeistareykjahrauni.

Ásamt bréfinu er kortamynd sem sýnir afmörkun hellasvæðisins auk samráðsáætlunar vegna friðlýsingarinnar.

Ef ástæða er til að bæta við samráðsaðilum vinsamlegast sendið upplýsingar um það á davidh@ust.is (<mailto:davidh@ust.is>).

Nánari upplýsingar og tengil inn á athugasemdasíðu er að finna á vef Umhverfisstofnunar (<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/hraunnellar-i-theistareykjahrauni/>).

Frestur til að gera athugasemdir við áformin er til og með 24. janúar 2022.

Vakin er athygli á því að bréfið er eingöngu sent rafrænt, nema annars sé sérstaklega óskað.

Bestu kveðjur, Best regards

Davíð Örvar Hansson
Sérfræðingur, Advisor
Teymi friðlýsinga og áætlana,

Team for Designation of Nature Protection Areas and Administration



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is \(http://www.ust.is/\)](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer \(http://www.ust.is/disclaimer\)](http://www.ust.is/disclaimer)

Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.png (3 KB)